

Miðvikudaginn 11. nóvember 1953.

Nr. 80/1953. **Ákærvaldið** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

Ingimundi Bjarnasyni (Magnús Thorlacius).

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Héraðsdómur ómerktur.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 16. maí 1952 tjáði Trésmíðafélag Reykjavíkur sakadómara, að ákærði hefði þá „að undanfögnu stundað þá atvinnu að setja rúður í hús og gera við glugga í húsum.“ Fyrir sakadómi Reykjavíkur hinn 21. maí 1952 játaði ákærði, að skýrsla Trésmíðafélagsins væri rétt og samþykkti að greiða 300 króna sekt í ríkissjóð af því efni. Hinn 23. júní 1952 ritaði Trésmíðafélag Reykjavíkur sakadómara af nýju og kvað ákærða enn stunda áðurgreind störf. Sakadómsrannsókn hófst í málinu 8. júlí 1952, ákæruskjal á hendur ákærða var gefið út 16. desember s. á. og héraðsdómur upp kveðinn 1. apríl þ. á.

Héraðsdómari hefur í dómi sínum ranglega tekið til meðferðar og úrlausnar sakaratriði, sem dómsáttin frá 21. maí 1952 tekur til, en greind sátt hefur ekki verið úr gildi felld, sbr. 112. gr. laga nr. 27/1951. Í máli þessu er um það deilt, hvort tiltekin störf ákærða skuli teljast til handiðnaðar, er sérnám þurfi til, sbr. 13. gr. laga nr. 18/1927 og 1. gr. laga nr. 105/1936. Héraðsdómari lét þó undan falla að kveðja kunnáttumenn til dómstarfa með sér í málinu, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 27/1951. Vegna þessara annmarka á meðferð málsins þykir verða að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað.

Eftir þessum úrslitum verður allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar lagður á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 700.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. apríl 1953.

Ár 1953, miðvikudaginn 1. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1065/1953: Ákærvaldið gegn Ingimundi Bjarnasyni, sem dómtekið var 27. marz s. l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 16. desember 1952, gegn Ingimundi Bjarnasyni verkamanni, Laugavegi 47, hér í bæ, fyrir að hafa sumarið og haustið 1952 unnið við að setja rúður í glugga og gera við glugga í húsum hér í bæ, án þess að hafa iðnréttindi til slíkra starfa, en brot þessi eru talin varða við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 105/1936, sbr. lög nr. 18/1927.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Miðdal í Kjós 27. nóvember 1919. Þann 21/5 1952 var hann sektaður í Reykjavík með dómsætt um 300 kr. fyrir brot á 2. mgr. 2. gr. laga nr. 105/1936, sbr. lög nr. 18/1927, en hefur að öðru leyti hvorki sætt kærú né refsingu.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 23/6 1952, kærði Pétur Jóhannesson það f. h. Trésmiðafélags Reykjavíkur til sakadómarans í Reykjavík, að ákærði í máli þessu, Ingimundur Bjarnason, hafði það að atvinnu að setja í rúður og gera við glugga í húsum hér í Reykjavík. Var tekið fram í sama bréfi, að þetta hefði verið kært til sakadómarara áður, en þá hefði ákærði undirgengizt sekt með dómsætt fyrir brot gegn lögum um iðju og iðnd. Þess var getið, að ákærði hefði verið staðinn að verki við framangreinda starfsemi af eftirlitsmanni Trésmiðafélagsins á mörgum stöðum, m. a. Pósthússtræti 13, Miklubraut 90 og Bókabúð Braga Brynjólfssonar.

Pétur Jóhannesson hefur mætt sem vitni í máli þessu og staðfest framangreint bréf sitt. Vitnið kvað sér kunnugt um, að ákærði hefði fengizt við að setja rúður í glugga fyrir ýmsa menn hér í bæ undanfarna mánuði. Hefði ákærði hafið þessa starfsemi sína fyrir um einu

ári. Jafnframt því sem ákærði hefði sett í rúður kvaðst vitnið vita til þess, að hann hefði tekið að sér breytingar á gluggum, m. a. að Hverfisgötu 90. Kvaðst vitnið hafa staðið hann þar að því að taka úr fög, fella nýjar rúður í aftur og setja í nýja lista.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi síðan 1. ágúst 1951 fengizt við að setja rúður í glugga. Kvað hann starfsemi sína hafa verið í því fölgna að taka glerbrot úr gluggum, þar sem rúður höfðu brotnað, hreinsa síðan gluggakistuna, setja nýja rúðu í og negla hana og „kitta“. Ákærði kveðst aðeins hafa sett rúður í glugga, þar sem rúða hefði verið fyrir áður. Ákærði mótmælti því, að hann hefði unnið að trésmíða-vinnu. Hann kveðst ekki hafa fengizt við að gera við glugga. Ákærða var bent á, að hann hefði gengizt undir sekt í sakadómi Reykjavíkur fyrir að setja rúður í hús og gera við glugga í húsum. Skýrði þá ákærði frá því, að með orðalaginu að gera við glugga, væri átt við að setja rúður í glugga.

Vitnið Einar Jónsson hefur skýrt frá því, að ákærði hafi unnið með sér að því að skipta um gler í gluggum að Hverfisgötu 90, en það hús á vitnið. Starfsemi þeirra var í því fölginn, að vitnið tók úr gömul fög, en ákærði tók við þeim fyrir utan. Þessu næst skóf ákærði upp rúðufalsinn með vitninu og „kittaði“ síðan í það. Settu þeir síðan rúðurnar í, er voru festar með listum.

Vitnið Ásta Kristín Erlings, kona framangreinds vitnis, hefur skýrt frá því, að ákærði hafi fyrstu dagana í maí 1952 sett 10—12 rúður í glugga að Hverfisgötu 90 í stað rúða, er höfðu sprungið. Maður vitnisins vann með ákærða. Vitnið kveður mann sinn hafa fengizt við að taka úr gömlu fögin og slétta kantana. Vitnið vissi ekki til, að ákærði hefði gert annað en setja rúðurnar í, setja kitti að þeim og trélista utan yfir. Var nú vitninu Pétri Jóhannessyni kynnt það, sem komið var fram í málinu. Kvaðst vitnið hafa séð ákærða einan að verki að Hverfisgötu 90. Vitnið sá, að verið var að taka úr gömul fög og setja rúður í. Taldi vitnið því víst, að ákærði hefði gert það, en mundi ekki, hvort það sá ákærða taka úr fögin. Vitninu var ekki kunnugt um, að gluggum hafi verið breytt á öðrum stöðum en að Hverfisgötu 90, þar sem ákærði hefur verið að störfum.

Mál þetta var sent iðnráði til umsagnar. Taldi það kærana á rökum reista. Kvað það rúðusetningu og aðrar gluggaviðgerðir tilheyrja tvímælalaust fagi húsasmíða, en ákærði hefur ekki réttindi í þeirri iðngrein.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þá þykir ekki nægilega sannað, að ákærði hafi fengizt við að gera við glugga að öðru leyti en því að setja rúður í þá. Ber því að sýkna hann af þeim lið ákærunnar. Því hefur verið haldið fram af hálfu ákærða, að starfsemi hans að setja rúður í glugga tilheyri ekki sérsviði húsasmíða og færi því ekki í bága við lagaákvæði þau, er í ákæruskjali greinir. Væri því hverjum sem væri heimilt að stunda hana, án þess að hafa iðnréttindi í húsasmíði.

Hefði slík starfsemi hingað til verið látin afskiptalaus af trésmiðum og þeir ekki fengizt til að sinna henni. Reynslan hefur sýnt, að ísetning rúða færi fram í framhaldi af sölu glersins. Þá var á það benti af hálfu ákærða, að ísetning á rúðum í nýjum húsum tilheyrði húsmiði, en við það hefur ákærði ekki fengizt, heldur aðeins að setja rúður í glugga, þar sem rúða hefur áður verið fyrir. Á þessa skoðun verður ekki fallizt. Starfsemi ákærða er viðgerð á húsum og því einn liður í iðngrein húsmiða. Þykir ákærði samkvæmt því hafa gerzt brotlegur gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 105/1936, sbr. lög nr. 18 1927 um iðnað og iðju. Með hliðsjón af því, að um ítrekað brot er að ræða, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 500 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hdl., kr. 600.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ingimundur Bjarnason, greiði 500.00 kr. sekt til ríkissjóðs og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hdl., kr. 600.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 13. nóvember 1953.

Nr. 31/1952. Hallgrímur Jónsson og Albert Tómasson

(Magnús Thorlacius)

gegn

Sigurði Magnússyni (Sveinbjörn Jónsson)

og gagnsök.

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. febrúar 1952 og gert eftirtalдар kröfur: